



## STARFSMENNTUNARSJÓÐUR STÉTTARFÉLAGS VERKFRÆÐINGA

fyrir verkfræðinga í starfi hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum.

Starfsmenntunarsjóður Stéttarfélags verkfræðinga (SV) fyrir verkfræðinga í starfi hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum starfar samkvæmt samkomulagi við Reykjavíkurborg, sem undirritað var 16. mars 1990, en gildi frá júní 1989. Verkfræðingar, sem starfa hjá öðrum sveitarfélögum geta verið félagar í sjóðnum svo fremi að þeir eigi ekki aðild að öðrum sambærilegum sjóðum. Tekjur sjóðsins eru framlög úr borgarsjóði og öðrum sveitarsjóðum, er nema sammingsbundnu hlutfalli af mánaðarlaunum félagsmanna.

### STARFSREGLUR

1. Aðild að sjóðnum eiga þeir félagsmenn í SV sem eru starfsmenn Reykjavíkurborgar eða annarra sveitarfélaga og greiða reglulega í sjóðinn.
2. Sjóðfélagar skulu að jafnaði eiga kost á hámarksfyrirgreiðslu fyrir hver 4 ár sem þeir hafa greitt í sjóðinn. Sjóðfélagar öðlast rétt til hámarksfyrirgreiðslu eftir 3 ára sjóðsaðild og hlutfallslega fram að þeim tíma.
  - Hámarksstyrkur er kr. 480.000, en hámarksréttur er tvöfaldur hámarksstyrkur.
  - Réttur til styrks vex um kr 160.000 á ári þar til hámarksréttindum er náð.
  - Í lok fyrsta greiðslutímabils þann 1. júlí 1992 var réttur sjóðfélaga með meira en 3 ára sjóðsaðild hámarksstyrkur að frádregnum styrk til þess tíma. Réttur sjóðfélaga með minna en 3 ára sjóðsaðild þann 1. júlí 1992 var hlutfallslega minni.
  - Eftir styrkveitingu kemur tímabil, þar sem styrkur er ekki veittur og réttur til styrks helst óbreyttur.
  - Þetta tímabil er eitt ár fyrir hámarksstyrk og í réttu hlutfalli við styrk upp að hámarksstyrk.
3. Styrkir eru veittir einstökum sjóðfélögum til:
  - a) að sækja námskeið og ráðstefnur,
  - b) að stunda nám innanlands eða utan,
  - c) rannsókna og þróunarverkefna,
  - d) sjálfsnáms, t.d. bókakaupa eða tölvukaupa.
4. Styrkir eru veittir til að standa straum af kostnaði umsækjanda, námskeiðs-, ráðstefnu- eða námskostnaði, ferðakostnaði og dagpeningum innan lands eða utan, kostnaði við rannsókn- og þróunarverkefni eða sjálfsnám. Dagpeningar greiðast fyrir þann dagafjölda sem námskeið eða ráðstefna tekur, auk eins dags vegna ferða.
5. Um tölvukaup gilda sérreglur. Tölvustyrkur nemur allt að innkaupaverði tölvu ásamt nauðsynlegum fylgibúnaði, en verður þó ekki hærri en 160.000 kr. Þeir, sem ekki hafa fengið tölvustyrki áður, hafa forgang að þessum styrkjum. Þessir styrkir eru tengdir afkomu sjóðsins þannig að aðrar umsóknir hafa forgang.



6. Styrkir eru veittir Stéttarfélagi verkfræðinga til:
  - a) námskeiðahalds á vegum þess eða í samstarfi við aðra
  - b) öflunar fagrita
  - c) að skapa aðstöðu til endurmenntunar.
7. Stjórn sjóðsins heldur reglulega fundi ársfjórðungslega þar sem fjallað er um umsóknir og miðast umsóknarfrestur fyrir þessa fundi við lok hvers ársfjórðungs.
8. Umsóknir skulu berast rafrænt á þar til gerðu formi sem er að finna á heimasíðu SV.
9. Á umsókn skal vera lýsing á námi eða verkefni sem styrkur skal renna til, áætlaður kostnaður auk þess skal tilgreint hvenær og hvar fyrirhugað er að stunda námið eða vinna verkefnið. Stjórn sjóðsins hefur heimild til þess að óska eftir frekari upplýsingum.
10. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði fara fram eftir á gegn framvísun reikninga og annarra gagna sem sanna að styrkur nýtist til þeirra verkefna sem ætlað er.
11. Eftir að greiðsla fer fram sendir sjóðstjórn þeirri stofnun sem styrkþegi er ráðinn hjá bréf þar sem greint er frá úthlutun.
12. Styrkþegi skal að verkefni loknu skila örstuttri greinargerð um verkefnið.

Samþykkt af sjóðstjórn til að taka gildi frá og með 1. janúar 2002.  
Samþykkt af sjóðstjórn til að taka gildi frá og með 1. janúar 2008

Reykjavík 22. mars 2002  
Reykjavík 19.12.2008